



Vottorð og vottorðavottorð

Getum við einfaldað kerfið?

Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Vottorð og vottorðavottorð

Nóvember 2024

hrn@hrn.is

www.hrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2024 Stjórnarráð Íslands 978-9935-515-51-3

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
1. Fyrstu skref	6
2. Verkefni hópsins	8
2.1 Vottorð sem snúa að Tryggingastofnun	8
2.2 Vottorð sem snúa að Sjúkratryggingum	11
2.3 Vottorð sem snúa að Vinnumálastofnun	15
2.3.1 Vottorð vegna barneigna og fæðingarorlofs	15
2.3.2 Vottorð vegna atvinnuleysisbóta	16
2.3.3 Vottorð vegna sorgarleyfis	16
2.4 Ökuréttindi og stæðiskort.....	17
2.5 Önnur vottorð	19
3. Tillögur, staðan & næstu skref	21
Viðauki 1	29
Viðauki 2	30
Viðauki 3	33

Myndaskrá


Mynd 1: Þróun fjölda vottorða eftir tegundum frá 19 heilsugæslum á tímabilinu 2018-2023.....	6
--	---

Útdráttur

Vinnuhópur heilbrigðisráðherra sem skipaður þremur sérfræðingum heilbrigðisráðuneytisins, fulltrúum frá félags-og vinnumarkaðsráðuneyti, fulltrúum frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ), Tryggingastofnunar (TR) og Vinnumálastofnunar (VMST) hittist á fjarfundum í maí og júní 2024. Einnig voru fulltrúar frá embætti landlæknis meðvitaðir um vinnuna og kallaðir á einn fund með sérfræðingum í heilbrigðisráðuneytinu. Markmiðið með vinnu hópsins var að koma með hugmyndir og útfærslur á því hvernig draga megi úr óþarfa skrifræði og mögulegum tvíverknaði þegar kemur að skrifum á vottorðum og tilvísunum innan heilsugæslunnar. Verkefnið lendir oftast ekki á herðum (heimilis)lækna vegna kerfislægra hindrana og ákvæða í lögum og reglugerðum, þó að aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafi þekkingu og hæfni til að útvega slík gögn.

1. Fyrstu skref

Fulltrúar heilbrigðisráðuneytis byrjuðu á því að óska eftir fjölda útgefna vottorða, beiðna og tilvísana (hér eftir **vottorð**) eftir tegund á tímabilinu 2018-2023 frá Landspítala (LSH) og heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu, bæði einkareknum (EH) og opinberum (HH). Alls notuðu starfsmenn LSH 66 eyðublöð eða form til að skrifa alls 46.763 vottorð, beiðnir, tilvísanir eða umsóknir á árinu 2023. Þar af voru 16 tegundir vottorða sendar rafrænt en 50 á annan máta. Tíu algengustu vottorðin voru 85% af öllum útgefnum vottorðum á LSH árið 2023, eða 38.839 (sjá viðauka 1). Árið 2023 skrifuðu starfsmenn EH og HH út 145.222 vottorð. Þau tíu algengustu voru 90% allra útgefna vottorða á vegum heilsugæslu, eða 131.105 (sjá viðauka 2). Þetta sama ár tók HH í notkun stafræna lausn við afgreiðslu vottorða vegna fjarvista í skóla og vinnu sem birtist í mynd 1 og í töflu í viðauka 2. Vottorð vegna væntanlegrar fæðingar barns eru sótt sjálfkrafa með umsókn í Fæðingarorlofsjóð í gegnum island.is sem hefur einnig áhrif í mynd 1 og á töflu í viðauka 2.



Mynd 1: Fjöldi vottorða eftir tegundum frá heilsugæslum á tímabilinu 2018-2023.

* Mögulegt að nálgast vottorð með ákveðnum skilyrðum í Heilsuveru án aðkomu starfsfólks (ekki talin hér)

** Mögulegt að fá þjónustu sjúkrahjálfa á tilvísun frá lækni

*** Vottorð sótt sjálfkrafa með umsókn í gegnum island.is (að uppfylltum skilyrðum)

Haft var samband við dómsmálaráðuneytið vegna þeirra vottorða sem sýslumenn óska eftir úr heilbrigðiskerfinu á ári hverju vegna ökuréttinda og stæðiskorta (P-merkja). Þau svör fengust að þrátt fyrir að sýslumenn, sem heyra undir dómsmálaráðuneyti, útvegi

slík skirteini heyri lög og reglugerðir um útgáfu ökuréttinda og stæðiskorta undir innviðaráðuneyti og var því óskað eftir aðkomu fulltrúa frá ráðuneyti innviða.

2. Verkefni hópsins

Vinnuhópurinn fékk upplýsingar um þær 50 tegundir vottorða sem skrifaðar höfðu verið út á vegum HH og EH á tímabilinu 2018-2023. Fulltrúar hverrar stofnunar í hópnum (SÍ, TR, VMST) voru beðnir um að fylla út í skjalið m.t.t. þess hvaða heilbrigðisstarfsmaður þarf að skrifa vottorðið skv. verklagi stofnunar, hvað þarf þar að koma fram, hver biður um gagnið, hver lagastoð vottorðsins er, gildistími þess, hver ber kostnað af skrifum vottorðsins, hvar vottorðið er aðgengilegt fyrir heilbrigðisstarfsmenn og hvenær starfsmaður myndi geta neitað sjúklingi um skrif á frumvottorði eða endurnýjun vottorðs.

Fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins hafði samband við formann íslenskra heimilislækna að loknum fundum hópsins og upplýsti um stöðu mála.

Hópurinn fundaði alls þrisvar sinnum þar sem hugmyndir og tillögur voru ræddar ásamt frekari möguleikum til samstarfs milli ólíkra kerfa sem krefjast vottorða frá heilbrigðisstarfsmönnum vegna réttinda innan annarra kerfa, t.d. félagsleg réttindi.

2.1 Vottorð sem snúa að Tryggingastofnun

Endurhæfingarlífeyrir

Árið 2023 voru skrifuð út 3.443 vottorð vegna umsóknar um endurhæfingarlífeyri frá heilsugæslum.

Afgreiðsla umsókna um endurhæfingarlífeyri byggir á reglugerð nr. 661/2020 um framkvæmd endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Samkvæmt reglugerðinni skal ekki ákvarða greiðslur til lengri tíma en eins árs í senn og aldrei lengur en fyrirbyggjandi endurhæfingaráætlun segir til um. Ef einhverjir þættir í fyrirbyggjandi endurhæfingaráætlun þykja óljósir skal greiðslutímabil að jafnaði ákvarðað til styttri tíma.

Ekki er fjallað sérstaklega um læknisvottorð í reglugerðinni en vinnuregla sérfræðinga hjá Tryggingastofnun er að við fyrsta mat á umsókn um endurhæfingarlífeyri verði læknisvottorð að hafa verið skrifað innan sl. 6 mánaða. Frekari vinna hefur átt sér stað hvað varðar gildistíma læknisvottorða en nú er einungis óskað eftir læknisvottorði við fyrsta mat umsækjanda. Teknar hafa verið út allar fastar beiðnir um slík vottorð í framhaldsumsóknnum nema sérfræðingur Tryggingastofnunar telji þörf á því og óskar þá eftir því sérstaklega. Læknisvottorð getur því gilt í allt að fimm ár, þ.e. allt leyfilegt tímabil endurhæfingarlífeyrisgreiðslna.

Eyðublað til útfyllingar á endurhæfingaráætlun skjólstaðings er ekki aðgengilegt í Sögu og hafa læknar farið þá leið að fylla út almennt vottorð með innihaldi endurhæfingar eða nýtt þar til gerðan reit í læknisvottorði vegna umsóknar um endurhæfingarlífeyri. Í vottorðinu er hægt að fylla inn lengd endurhæfingartímabils í fjölda mánaða, en ekki

nákvæmar dagsetningar tímabilsins. Að mati Tryggingastofnunar þarf sá sem heldur utan um endurhæfinguna að hafa fulla yfirsýn yfir endurhæfingu umsækjanda svo að stofnunin geti samþykkt langar endurhæfingaráætlanir. Viðkomandi þarf t.d. að geta látið stofnunina vita ef endurhæfingarlífeyrisþeginn sinnir ekki þeim úrræðum sem tilgreind eru í áætluninni. Aðilar sem fá almennt samþykktar lengri endurhæfingaráætlanir eru t.a.m. VIRK - starfsendurhæfingarsjóður, starfsendurhæfingarstöðvar og geðheilsuteymi sem að mati Tryggingastofnunar halda þétt um sína endurhæfingarskjólstæðinga. Að mati stofnunarinnar er það þó kostur fyrir alla ef hægt væri að lengja áætlanir en þá þurfi að tryggja nægjanlegt utanumhald.

Frumvarp félags- og vinnumarkaðsráðherra um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyris almannatrygginga, var samþykkt á Alþingi í júní 2022 (lög nr. 104/2024). Meðal breytinga sem taka gildi 1. september 2025, er að til verða sérstök samhæfingarteymi þar sem m.a. fulltrúar heilsugæslu munu sitja og er áætlað að með öðrum samhlíða breytingum tengdum lögnum muni hlutverk heilsugæslulækna verða einfaldara og skýrara þegar kemur að umsýslu vegna endurhæfingarlífeyris, sem frá og með gildistöku nýju laganna mun bera heitið: sjúkra- og endurhæfingargreiðslur.

Vottorð vegna umsóknar um endurhæfingarlífeyri er til í tveimur útgáfum í Sögukerfinu, önnur rafræn og hin til útprentunar. Frá árinu 2020 hafa lækningar á heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu eingöngu skrifað út rafræna vottorðið. Ekki er hægt að telja fjölda gerðra endurhæfingaráætlana á heilsugæslum þar sem þar til gert eyðublað er ekki aðgengilegt í Sögukerfinu og lækningar hafa nýtt önnur eyðublað til að gera slíkar áætlanir fyrir skjólstæðinga sína.

Læknisvottorð vegna umsóknar um örorkulífeyri

Einstaklingar á aldrinum 18-66 ára geta sótt um að fara í örorkumat þar sem færni er metin eftir sjúkdóma, slys eða fötlun. Skilyrði er að endurhæfing sé fullreynd áður en örorka er metin og er matið forsenda þess að einstaklingur fái greiddan örorkulífeyri (> 75% örorka) eða örorkustyrk (50-74% örorka).

Ein af forsendum umsóknar örorkumats er læknisvottorð vegna örorku sem er sent til Tryggingastofnunar sem úrskurðar um örorku út frá innsendum gögnum. Árið 2023 skrifuðu lækningar á EH og HH út 5.324 slík vottorð. Valkvætt er fyrir umsækjendur að fylla út spurningalista vegna færniskerðingar. Örorkumat getur verið tímabundið (yfirleitt í allt að fimm ár), eða varanlegt, til 67 ára aldurs, en þá taka greiðslur ellilífeyris við. Þegar tímabundið örorkumat er að renna út þarf að óska eftir endurmati á örorku sem felur í sér útgáfu nýs læknisvottorðs og nýjan úrskurð tryggingalæknis á örorku.

Í núverandi kerfi er vottorð læknis grundvöllur fyrir úrskurði um örorkustig viðkomandi og er tryggingalæknir sem starfar hjá Tryggingastofnun eini aðilinn sem má ákvarða slíkt mat út frá svokölluðum örorkustaðli sem miðast við læknisfræðilegt mat.

Meðal þeirra breytinga sem fylgja gildistöku laga nr. 104/2024, þann 1. september 2025, er að framvegis mun einungis þurfa læknisvottorð vegna óvinnufærni skjólstæðings sem fer svo í gegnum svokallað samþætt sérfræðimat. Matið byggir á

Þverfaglegu mati ólíkra endurhæfingarstétta, ICF flokkunarkerfinu og niðurstöðum ólíkra kerfa á þeirri endurhæfingu sem reynd hefur verið. Hlutverk læknis á heilsugæslu takmarkast þá við að skrifa vottorð um óvinnufærni af heilsufarsástæðum sem síðan verður eitt af matsgögnum samþætts sérfræðimats. Vottorðið verður því hvorki endurhæfingar- né örorkuvottorð heldur eingöngu mat á óvinnufærni vegna heilsubrests sem er afleiðing af sjúkdómi, slysi eða áfalli.

Vottorðið er í tvíriti í Sögukerfinu, annars vegar rafræn útgáfa og hins vegar útgáfa til útprintunar, talsvert meira er skrifað út af því rafræna. Rafræna útgáfan er til endurnýjunar á örorkulífeyri hjá Tryggingastofnun, en hin útgáfan snýr að endurnýjun örorku til lífeyrissjóða. Bæði vottorðin þarf að endurnýja reglulega og fylgja þau ekki sömu dagsetningum þar sem ólíkir aðilar ákvarða örorku einstaklingsins og stangast þær gjarnan á.

Hreyfihömlunavottorð / Læknisvottorð um skerta líkamsfærni

Vottorð vegna hreyfihömlunar eða læknisvottorð um skerta líkamsfærni fela í sér staðfestingu læknis á hreyfihömlun eða skerðingu skjólstæðings sem er krafist vegna styrkja til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna uppbóta og styrkja vegna bifreiða sem og útgáfu stæðiskorta. Tryggingastofnun greiður uppbót vegna rekstrar bifreiðar, uppbót vegna kaupa á bifreið og svo styrki vegna bifreiðakaupa sem eru misháar á grundvelli mats á hreyfihömlun. Í öllum tilvikum þarf að sýna fram á líkamlega hreyfihömlun, en hún er skilgreind sem „sjúkdómur eða fötlun sem skerðir verulega færni einstaklings til að komast ferða sinna þannig að göngugeta hans er að jafnaði minni en 400 metrar á jafnsléttu. Þar er fyrst og fremst um að ræða lömum eða skertan hreyfanleika í ganglimum af völdum sjúkdóms eða fötlunar, bæði vegna hjarta- eða lungnasjúkdóma eða annað sambærilegt.“ Gerðar eru frekari kröfur til þess að fá þær greiðslur sem flokkaðar er sem styrkir vegna kaupa á bifreið í reglugerðinni. Krafan um vottorðið byggir á reglugerð nr. 905/2021. Ekki þarf að skila inn vottorði ef umsækjandi á gilt hreyfihömlunarmat hjá Tryggingastofnun.

Ekki eru aðstæður til mælinga á göngugetu eða annarri hreyfihömlun skjólstæðinga á heilsugæslustöðvum, en þess má geta að 400 metrar jafngilda einum hring á staðlaðri hlaupabraut. Vegna lagalegrar skilgreiningar hreyfihömlunar hefur vottorðum verið hafnað þar sem göngugeta skjólstæðings er ekki metin. Gerð hreyfihömlunarmata hefur verið vísað til sjúkrapjálfa sem ekki fá greitt fyrir að framkvæma slík möt, auk þess sem þeim er ekki heimilt að skrifa vottorðin. Að mati Félags íslenskra heimilislækna segir það að geta gengið 400 metra á jafnsléttu ekki endilega til um hreyfihömlun viðkomandi. Matið er alla jafna framkvæmt innandyra og tekur þ.a.l. ekki mið af raunaðstæðum eins og ójöfnu undirlagi, hálfu, veðuraðstæðum o.fl. Til viðbótar hafa sumir getu til að ganga slíka vegalengd einstaka sinnum en ekki alla jafna, t.d. vegna verkja, vefjagigtar eða ME-sjúkdóms.

Einstaklingar sem eru með metna örorku frá Tryggingastofnun þurfa að skila inn sérstöku hreyfihömlunavottorði þó að hreyfihömlunin sé ástæða örorkumats. Styrkur til bifreiðakaupa er veittur á fimm ára fresti og því þarf einstaklingur að endurnýja vottorðið

Í hvert skipti sem óskað er eftir styrknum. Þá má benda á að gildistími stæðiskorts fer ekki endilega saman við gildistíma þess vottorð sem skilað er til Tryggingastofnunar og því getur umsækjandi þurft að óska eftir vottorði á ástandi sínu á nokkurra ára fresti.

Mikil tækifæri eru til einföldunar í umsýslu hreyfihömlunarvottorða og samspils hreyfihömlunarmats við örorkumat og umsókn um stæðiskort hjá sýslumönnum.

Umönnunavottorð

Umönnunargreiðslur eru byggðar á 4. grein laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007 og reglugerð nr. 504/1997. Markmið laganna er að veita foreldrum og framfærendum fatlaðra og langveikra barna aðstoð ef sjúkdómur eða andleg/likamleg hömlun hefur í för með sér sérstaka umönnun eða gæslu umfram það sem eðlilegt getur talist hjá barni á sama aldri. Gildistími matsins er að hámarki fimm ár í senn og er vegna barna á aldrinum 0-18 ára. Árið 2023 skrifuðu lækningar á heilsugæslum út u.þ.b. 350 vottorð vegna umönnunargreiðslna en lækningar Landspítala skrifuðu 687 slík vottorð. Til að sækja um umönnunargreiðslur þarf umsókn frá foreldri og læknisvottorð. Krafa um læknisvottorð vegna umönnunargreiðslna eru tiltekin í reglugerð þar sem nefnt er að greiningaraðilar skuli senda læknisvottorð um læknisfræðilega greiningu, meðferð og umönnunarpörf barns.

2.2 Vottorð sem snúa að Sjúkratryggingum

Beiðni um sjúkráþjálfun

Árið 2023 skrifuðu lækningar HH 26.928 vottorð vegna tilvísunar í sjúkráþjálfun. Tilvísunin er grundvöllur fyrir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í þjálfun sjúkratryggðra einstaklinga og veitir tilvísunin allt að 15 skipti í þjálfun hjá sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfara sem er á samningi við Sjúkratryggingar. Krafa um tilvísun byggir á reglugerð nr. 1551/2023 um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Minnisblað hefur verið sent til ráðherra með tillögum að breytingum á fyrirkomulagi tilvísana til sjúkráþjálfara.

Lyfjaskírteini og lyfjaávisanir

Lyfjastofnun ákveður hvort sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði vegna kaupa einstaklinga á lyfjum. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga í lyfjum getur verið almenn eða bundin skilyrðum. Greiðsluþátttaka getur t.d. verið bundin við sjúkdómsástand eða að önnur lyf hafa ekki komið einstaklingi að notum.

Sé greiðsluþátttaka bundin skilyrðum þarf lækningar að sækja um lyfjaskírteini til Sjúkratrygginga og ef einstaklingur uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fyrir greiðsluþátttöku er gefið út lyfjaskírteini. Gildistími lyfjaskírteina er mismunandi og hefur verið miðað við fimm ár fyrir langtímasjúkdóma en t.d. tvö ár fyrir ADHD fullorðinna en þrjú ár fyrir ADHD barna.

Minnisblað var sent til heilbrigðisráðherra í maí 2024 þar sem lagðar voru til ýmsar breytingar á gildistíma lyfjaskírteina sem og fjölda lækna sem skráðir eru á lyfjaskírteini einstaklings. Einnig var lagt til að endurskoða gildistíma lyfjaávisana fyrir lyf við langvinnnum sjúkdómum, þ.e. úr einu ári í þrjú til fimm ár í því skyni að fækka lyfjaendurnýjunum, sú breyting þarfnast þó reglugerðarbreytingar og verður unnin í samráði við alla hagaðila og að lokum lögð fyrir ráðherra til samþykktar.

Minnisblaðið var samþykkt af ráðherra og er vinna í gangi hjá Sjúkratryggingum að endurskoða gildistíma þeirra.

Sjúkradagpeningar

Vottorð vegna umsóknar um sjúkradagpeninga byggir á reglugerð nr. 1025/2008 um sjúkradagpeninga. Sjúkratryggðir eiga rétt á sjúkradagpeningum vegna óvinnufærni samkvæmt reglugerðinni og þurfa umsækjendur að vera algerlega óvinnufærir og leggja niður vinnu eða fullt starf þannig að launatekjur falli niður að fullu, sé um þær að ræða. Sjúkradagpeninga má ekki greiða lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Greiðslur sjúkradagpeninga fara ekki saman með greiðslum almannatrygginga, sbr. endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrk, ellilífeyri, umönnunarbætur eða fæðingarorlof.

Samkvæmt reglugerðinni er full greiðsla sjúkradagpeninga 2.440 kr. á dag, eða um 73 þ.kr. á mánuði. Stofnaður hefur verið vinnuhópur með félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum þar sem unnið verður að yfirfærslu sjúkradagpeninga til Tryggingastofnunar svo greiðslurnar falli undir greiðslur almannatrygginga, ásamt því að nýr greiðsluflokkur Tryggingastofnunar, sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, verður tekinn upp með gildistöku laga nr. 104/2024 þann 1. september 2025.

Umsókn um hjálpertæki

Árið 2023 voru gerðar 5.544 umsóknir um hjálpertæki á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Sækja þarf um styrk frá Sjúkratryggingum til kaupa á hjálpertæki með sérstökum umsóknum til stofnunarinnar og skal það gert áður en fest eru kaup á hjálpertæki samkvæmt reglugerð nr. 760/2021 um styrki vegna hjálpertækja. Samkvæmt reglugerðinni er hjálpertæki „tæki sem er ætlað að draga úr fötlun, aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Hjálpertækið verður jafnframt að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir daglegs lífs.“

Í umsóknum skal ávallt koma fram mat á þörf fyrir hjálpertæki frá þeim heilbrigðisstarfsmanni sem vinnur að lausn fyrir viðkomandi einstakling, enda hafi heilbrigðisstarfsmaður enga fjárhagslega hagsmuni tengda umsókninni. Þá skal koma fram lýsing á skertri færni og rökstuðningur fyrir hjálpertæki. Þegar um er að ræða fyrstu umsókn er umsögn og/eða færnimat heilbrigðisstarfsmanns nauðsynlegt og ef breyting verður á sjúkdómsástandi/fötlun getur þurft nýja umsókn hlutaðeigandi

heilbrigðisstarfsmanns. Sjúkratryggingar Íslands geta áskilið að lagt sé fram læknisvottorð með umsókn.

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum gera starfsmenn þar alltaf kröfu um að læknisvottorð liggi til grundvallar við ákvörðun á úthlutun hjálpartækis til umsækjanda. Læknisvottorð þurfi ekki að fylgja með hverri umsókn en þurfi að vera til staðar í kerfinu. Þeir heilbrigðisstarfsmenn sem geta sótt um hjálpartæki fyrir skjólstæðing sinn eru læknar, hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar, sjúkráþjálfarar og stoðtækjafræðingar, en þó er stoðtækjafræðingum ekki heimilt að fylla út umsóknir vegna hjálpartækja þar sem þeir flokkast sem starfsmenn birgja, t.d. vegna sérsníðaðra spelkna, og uppfylla þ.a.l. ekki 9. gr. ofangreindrar reglugerðar um að hafa enga fjárhagslega hagsmuni af umsókninni.

Að undangengnu námskeiði geta ofangreindir heilbrigðisstarfsmenn fyllt út umsókn í kerfi Sjúkratrygginga og afhent ákveðin hjálpartæki án þess að Sjúkratryggingar samþykki umsóknina sérstaklega. Þetta er mest nýtt af heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa í heimaþjónustu og á sjúkrahúsum. Endurskoða mætti hvort alltaf sé þörf á að læknisvottorð liggi fyrir, svo Sjúkratryggingar geti afgreitt umsóknir frá öðrum heilbrigðisstarfsmönnum.

Beiðni um talþjálfun

Þrjú mismunandi vottorð eru aðgengileg í Sögukerfinu fyrir heimilislækna þegar kemur að beiðni um talþjálfun; 1) beiðni um greiningu vegna talmeina; 2) beiðni um talþjálfun án samnings við TR; og 3) beiðni um viðbótar-/langtímameðferð í talþjálfun. Samtals skrifuðu læknar heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu út u.þ.b. 1.000 vottorð vegna talþjálfunar árið 2023.

Forsendur fyrir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í talþjálfun er að fyrir liggi sjúkdómsgreining frá lækni ásamt skriflegri þjálfunarbeiðni frá talmeinafræðingi sem starfar samkvæmt rammasamningi við Sjúkratryggingar. Talmeinafræðingur þarf því að staðfesta greiningu lækni svo að greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga fái í meðferð barnsins. Ef greining uppfyllir ekki þau skilyrði sem gerð eru um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna talþjálfunar er það á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags að barn fái viðeigandi þjónustu talmeinafræðings. Skilyrðin eru tiltekin í samkomulagi umskiptingu ábyrgðar vegna talþjálfunar barna milli ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2014. Samkvæmt samkomulaginu ber Sjúkratryggingum að taka þátt í greiðslum vegna kostnaðar við nauðsynlega talþjálfun þeirra barna sem eru með umfangsmeiri vanda. Greiningin segir til um hvort meðferð fellur undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga en sú þjónusta þarfnast tilvísunar ólíkt þjónustu talmeinafræðinga sveitarfélaga sem er ekki tilvísanaskyld.

Langir biðlistar eru eftir þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga eða allt að fjögur ár á höfuðborgarsvæðinu. Ekki þarf beiðni til að skrá barn á biðlista og því er ekkert eftirlit með því hvaða börn fara á slíka biðlista. Þegar barn hefur fengið tíma hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi skrifa læknar út beiðni um talþjálfun. Spara mætti

vottorðaskrif með því að gera börnum kleift að koma í einn greiningartíma til sjálfstætt starfandi talmeinafræðings án vottorðs.

Beiðni um iðjubjálfun

Aðeins eitt vottorð er aðgengilegt í Sögukerfinu vegna iðjubjálfunar, en árið 2023 voru skrifuð 229 vottorð vegna beiðni um iðjubjálfun, en líkt og með sjúkra- og talbjálfun er vottorðið grundvallarforsenda fyrir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í kostnaði vegna bjálfunar. Umfang starfsemi sjálfstætt starfandi iðjubjálfa er lítið í samanburði við starfsemi sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga og sjúkraþjálfa og því er ekki talin ástæða til að breyta fyrirkomulagi tilvísunar að svo stöddu.

Umsókn um næringu

Umsókn um næringu er gerð á grundvelli reglugerðar nr. 55/2009 um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði, en árið 2023 voru 285 slíkar umsóknir fylltar út á heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu. Umsóknin þarf að vera fyllt út af heilbrigðisstarfsmanni, t.d. lækni eða næringarfræðingi, en einungis þarf staðfestingu sérfræðilæknis ef um mjólkurofnæmi barna er að ræða.

Sjúkratryggingar niðurgreiða lífsnauðsynleg næringarefni og sérfæði þegar sjúkdómar eða afleiðingar slysa valda verulegum vandkvæðum við fæðuinntöku og upptöku næringarefna og þegar um langvarandi þörf er að ræða. Þetta á við um sondunæringu, næringardrykki og þykkingarefni og mjólkurofnæmi barna. Umfang þessara umsókna er tiltölulega lítið í samanburði við umsóknir um hjálpartæki og því ekki talin ástæða til að breyta fyrirkomulaginu að svo stöddu. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi íslenskra heimilislækna er ásókn í niðurgreiðslu vegna næringardrykkja meiri en tölur um sendar umsóknir endurspegla.

Ferðakostnaður sjúklinga innanlands

Hægt er að sækja um endurgreiðslur fyrir ferðakostnað vegna heilbrigðisþjónustu innanlands á grundvelli reglugerðar um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda innanlands, nr. 1140/2019. Skilyrði er að ferðast sé að læknisráði til að fá nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem greiðsluþátttaka er í af hálfu Sjúkratrygginga.

Fyrir 1. júlí 2024 þurfti að skila inn vottorðinu *Staðfesting á nauðsynlegri ferð sjúklings utan heimahéraðs frá lækni eða ljósmóður* ásamt kvittun fyrir fargjaldi, en nú eftir 1. júlí sl. þarf einungis að skila kvittun fyrir fargjaldi og Sjúkratryggingar sækja rafrænt upplýsingar um komu til meðferðaraðila eða innlögn. Þegar um alvarlegan sjúkdóm er að ræða þarf að skila inn *Skýrslu vegna ferðakostnaðar sjúklings innanlands frá lækni eða ljósmóður* til að sækja um ferðakostnað.

100 vottorð vegna ferðakostnaðar sjúklings voru skrifuð út á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu árið 2023.

2.3 Vottorð sem snúa að Vinnumálastofnun

Fjallað er um áskilnað á framvísun læknisvottorða sem snúa að Vinnumálastofnun í lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof, lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar og lögum nr. 77/2022 um sorgarleyfi.

2.3.1 Vottorð vegna barneigna og fæðingarorlofs

Fjallað er um lengingu á rétti foreldris til fæðingarorlofs í nokkrum greinum laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, ásamt undanþágum um skilyrði frá ástundun náms og styrks vegna aðgengis að fæðingarþjónustu. Bent er á að orðið „sérfræðilæknir“ kemur 15 sinnum fyrir í lögnum en orðið „ljósmóðir“ einungis einu sinni þó að ljósmæður sjái að nánast öllu leyti um mæðravernd, eftirlit á meðgöngu, fæðinguna og ung-og smábarnavernd. Mögulegt væri að taka mið af því hvaða heilbrigðisstarfsfólk verðandi mæður hitta fyrir og eftir meðgöngu til að votta heilsufarsástæður sem rekja má til meðgöngu, t.d. ljósmæður. Árið 2023 vottuðu læknar 1.723 sinnum væntanlega fæðingu barns eða annað tengt fæðingarorlofi.

Vottorð vegna væntanlegrar fæðingar barns

Samkvæmt ofangreindum lögum er foreldri heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með vottorði ljósmóður. Verklag er komið á milli Fæðingarorlofssjóðs og Sögukerfisins þar sem vottorðið er sótt sjálfkrafa með umsókn í gegnum island.is (að uppfylltum ákveðnum skilyrðum), en vottorðið er það tíunda algengasta hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu og jafnframt eina vottorðið sem ljósmæðrum er heimilt að skrifa í tengslum við réttindi hjá Fæðingarorlofssjóði.

Lenging fæðingarorlofs

Sé þörf á að lengja fæðingarorlof, m.a. vegna heilsufarsástæðna sem tengjast meðgöngunni meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, eða vegna veikinda foreldris í tengslum við fæðingu barnsins, skal rökstyðja þörfina með vottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið.

Fæðingarorlof vegna námsárangurs eða ástundunar náms

Heimilt er að greiða foreldri sem fætt hefur barn fæðingarstyrk þó að það uppfylli ekki skilyrði um að hafa staðist kröfur um námsframvindu og/eða ástundun hafi það ekki getað stundað nám á meðgöngu vegna heilsufarsástæðna, en þá þarf að leggja fram vottorð þess sérfræðilæknis sem annast hefur foreldrið á meðgöngunni til staðfestingar. Vinnumálastofnun er jafnframt heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

Lenging fæðingarorlofs vegna sjúkdóms barns

Heimilt er að lengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um allt að sjö mánuði þegar barn þarf að dveljast á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu eða ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika hjá barni eða alvarlega fötlun barn

sem krefst nánari umönnunar foreldris. Rökstyðja þarf þörf á lengingu fæðingarorlofs með vottorði þess sérfræðilæknis sem annast hefur barnið og er Vinnumálastofnun heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.

Barnsfæðing

Einungis þrjú vottorð vegna barnsfæðingar voru skrifuð út árið 2023 og í samtali vinnuhópsins við lögfræðinga Vinnumálastofnunar töldu þeir óljóst hvað þetta tiltekna vottorð ætti að innihalda.

2.3.2 Vottorð vegna atvinnuleysisbóta

Fjallað er um ákvörðun og framkvæmd atvinnuleysisbóta í lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar, en í þremur tilfellum er beðið um vottorð sérfræðilæknis samkvæmt lögnum:

1. **Undanþágur frá skilyrðum um virka atvinnuleit (14.gr.)**
 - 1.1. Heimilt er að taka tillit til aðstæðna hins tryggða sem getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni samkvæmt mati sérfræðilæknis.
2. **Frusting á bótarétti sökum óvinnufærni vegna sjúkdóms eða slyss (26.gr.)**
 - 2.1. Sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum og hverfur af vinnumarkaði verði hann óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu þann tíma sem hann er óvinnufær. Vottorð sérfræðilæknis er annaðist hinn tryggða skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem meðal annars skal koma fram hvenær hann varð óvinnufær og hvenær hann varð vinnufær á ný.
3. **Gildar skýringar fyrir höfnun á starfi (57.gr.)**
 - 3.1. Heimilt er að taka tillit til aðstæðna þess sem getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni samkvæmt staðfestingu frá sérfræðilækni.

2.3.3 Vottorð vegna sorgarleyfis

Fjallað er um sorgarleyfi í lögum, nr. 77/2022. Réttur foreldris til sorgarleyfis stofnast við andanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu. Tímalengd meðgöngu skal staðfest með vottorði sérfræðilæknis. Hafi foreldrar ekki verið í hjúskap eða skráðri sambúð við andvana fæðingu eða fósturlát skulu upplýsingar um foreldra koma fram á vottorðinu. Sömu skilyrði gilda um sorgarstyrk sem má greiða skv. 21. gr. laganna til foreldra sem uppfylla ekki skilyrði um fulla ástundun og/eða framvindu í námi, enda hafi þeir ekki getað stundað nám vegna veikinda eða slyss. Leggja þarf fram staðfestingu frá skóla um að foreldrið hafi verið skráð í fullt nám ásamt vottorð frá sérfræðilækni til staðfestingar. Bæði skjölin skulu berast til Vinnumálastofnunar.

Í 11. gr. laga nr. 61/1998 um dánarvottorð, krufningar o.fl. kemur fram að ef barn fæðist andvana skuli ekki rita dánarvottorð, en um það skuli tilkynnt til Þjóðskrár Íslands og embættis landlæknis, en lengd meðgöngu kemur fram í fæðingartilkynningunni. Því væri mögulegt að láta Vinnumálastofnun kalla eftir fæðingartilkynningunni sem send er

til Þjóðskrár, sbr. verklag í tengslum við væntanlega fæðingu barns, í stað þess að biðja um vottorð sérfræðilæknis líkt og nú er gert.

2.4 Ökuréttindi og stæðiskort

Sýslumenn sjá um að gefa út ökuskírteini og stæðiskort (P-merki) en þær reglugerðir sem útlista kröfur og fleira þeim tengt heyrar undir innviðaráðuneytið.

Ökuréttindi

Um skilyrði til útgáfu ökuskírteinis segir í umferðarlögum að veita megi þeim ökuskírteini sem sjái nægilega vel og sé að öðru leyti nægjanlega heilbrigður, andlega og líkamlega, til að geta stjórnað ökutækinu örugglega. Nánari útfærsla er í reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini. Yfirlýsing um heilbrigði dugar til almennra ökuréttinda, bifhjólaréttinda og dráttarvélaréttinda, nema sýslumaður telji sérstaka þörf á læknisvottorði eða umsækjandi sé orðinn 65 ára. Samgöngustofa skal samkvæmt reglugerðinni setja nánari reglur um hvernig metið skuli hvort umsækjandi fullnægir heilbrigðisskilyrðum III. viðauka, en hefur ekki gert það.

Í tilskipun 2006/126/EB er þess krafist að umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum. Umsækjendum er svo skipt í flokka, annars vegar umsækjendur um almenn ökuréttindi, bifhjólaréttindi, o.s.frv. og hins vegar umsækjendur um aukin ökuréttindi. Það verður því að fullnægja ákveðnum kröfum og eftir atvikum að ganga úr skugga um það. Þess verður þó aðeins krafist að *competent medical authority* skeri úr um heilbrigði og það gæti í einhverjum tilvikum verið annar en læknir. Hér eru tækifæri til að skýra enn betur hlutverk heilbrigðisstarfsmanna í tengslum við þær skyldur sem eru á herðum Samgöngustofu þegar kemur að heilbrigðiskröfum til umsækjenda um ökuréttindi.

Samkvæmt ofangreindri reglugerð er óskað eftir læknisvottorði telji sýslumaður þörf á því eða umsækjandi sé orðinn 65 ára. Heimilislæknir umsækjanda gefur út læknisvottorðið en gefi annar læknir vottorðið út skal umsækjandi upplýsa hvers vegna.

Haft var samband við sýslumannsembættið á Norðurlandi eystra en embættið hefur formfest sérstakar verklagsreglur vegna umsóknar um stæðiskort og ökuskírteini. Embættið upplýsti að óskað er eftir læknisvottorði vegna ökuskírteina *utan* reglugerðar ef einstaklingur hefur verið sviptur í meira en eitt ár, eins ef umsækjendur svara einni eða fleiri heilsufarsspurningum játandi. Stöku sinnum er óskað eftir læknisvottorðum frá sérfræðilæknum sé umsækjandi t.d. með flogaveiki. Að mati starfsmanna embættisins má koma skýrar fram á læknisvottorðum hvort umsækjandi sé hæfur til aksturs þar sem sýslumaðurinn hefur ekki aðgang að sjúkrasögu umsækjanda og erfitt er fyrir starfsfólk að meta slíkt á umsóknarstað. Æskilegt væri að vottorðin væru send stafrænt inn þar sem einungis kemur fram hvort læknir meti umsækjanda hæfan til aksturs eða ekki, út frá viðmiðum reglugerðar.

Eftirfarandi eru heilsufarsspurningar sem allir umsækjendur þurfa að svara við endurnýjun ökuskírteinis:

Yfirlýsing um líkamlegt og andlegt heilbrigði	Já	Nei
1. Notar þú gleraugu eða snertilinsur?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2. Hefur þú skerta sjón á öðru auga eða báðum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. Hefur þú skert sjónsvið til annarrar hliðar eða beggja?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. Hefur þú verið flogaveik(ur) eða orðið fyrir alvarlegri truflun á meðvitund og stjórn hreyfinga?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5. Hefur þú nú eða hefur þú haft alvarlegan hjartasjúkdóm?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6. Hefur þú nú eða hefur þú haft alvarlegan geðsjúkdóm?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
7. Notar þú að staðaldri læknislyf eða lyfjablöndur sem geta haft áhrif á meðvitund?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
8. Ert þú háð(ur) áfengi, ávana- og/eða fíkniefnum eða misnotar þú geðræn lyf sem verkað gætu á meðvitund?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9. Notar þú insúlín og/eða töflur við sykursýki?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10. Hefur þú nú eða hefur þú haft galla eða hömlur í hreyfikerfi líkamans?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
11. Átt þú við einhvern annan sjúkdóm að stríða sem þú telur að geti haft áhrif á öryggi þitt í akstri í framtíðinni?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Ef þú hefur svarað einhverri af 1. - 3. spurningu játandi þarf að skila inn sjónvottorði frá lækni. Ef þú hefur svarað einhverri hinna játandi þarf að gera nánari grein fyrir svarinu hér að neðan, svo sem um upphaf sjúkleika, hvaða læknir eða sjúkrastofnun kom við sögu og annað sem varðar málið. Sýslumaður mun síðan ákveða hvort skila þurfi læknisvottorði.

Neðangreindur texti er á umsóknareyðublöðum á pappír:

„Ef þú hefur svarað einhverri af 1.-3. spurningu játandi þarf að skila inn sjónvottorði frá lækni. Ef þú hefur svarað einhverri hinna játandi þarf að gera nánari grein fyrir svarinu hér að neðan, svo sem um upphaf sjúkleika, hvaða læknir eða sjúkrastofnun kom við sögu og annað sem varðar málið. Sýslumaður mun síðan ákveða hvort skila þurfi læknisvottorði.“

Umsækjendur kvitta svo undir eftirfarandi á sömu umsókn:

„Ég lýsi því hér með yfir að ofangreindar upplýsingar um heilsufar mitt eru samkvæmt minni bestu vitund og sannleikanum samkvæmt. Ég skuldbind mig til að tilkynna til sýslumanns ef breytingar verða á heilsufari mínu sem kunna að breyta ofangreindri yfirlýsingu. Einnig geri ég mér grein fyrir því að ofangreindar upplýsingar kunna að vera prófaðar af sýslumanni áður en ég fæ ökuskírteini afhent.“

Stæðiskort (P-merki)

Samkvæmt svörum skrifstofustjóra á skrifstofu samgangna í innviðaráðuneytinu hefur Samgöngustofa ekki aðkomu að útgáfu stæðiskorta. Kröfur við útgáfu stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða koma fram í reglugerð nr. 1130/2016 sem heyrir undir innviðaráðuneytið. Sýslumenn gefa kortin út á grundvelli læknisvottorðs þar sem fram kemur að sökum hreyfihömlunar sé umsækjanda nauðsyn að geta lagt í bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða og í stöðureit án gjaldskyldu. Kemur þá fram að stæðiskortið sé gefið út í tiltekinn tíma, að hámarki 10 ár, en ekki skemur en sex mánuði. Reglugerðin var sett með hliðsjón af tilmælum 98/376/EB. Með COM(2023) 512 hefur framkvæmdastjórnin lagt til að sett verði tilskipun um efnið. Þar er ákvæði um lágmarksgilditíma; „*The validity of the European Disability Card Issued by a Member State shall be at least for the same duration of the disability certificate, disability card or any other formal document with the longest duration recognising their disability status issued to the person concerned by the competent authority of the Member state in its territory.*“ Þá kemur einnig fram í svarinu endurskoða mætti reglugerðina t.d. þegar lamaður einstaklingur þarf að fara

til lækni og fá staðfest að viðkomandi sé enn lamaður. Skýringin gæti verið að hafa stæðiskortið tímabundið svo að hægara verði að breyta því, en þá mætti sleppa læknisvottorðinu þegar fyrir liggur að viðkomandi þarf kortið.

Hvað varðar útgáfu sýslumanna á stæðiskortum þá hafa læknar metið sína skjólstæðinga, en eftir að stafræn umsókn fór í loftið, árið 2022, sjá starfsmenn sýslumannsembætta ekki lengur innihald vottorða, einungis gildistímann sem læknir telur að umsækjandi þurfi miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Í sumum tilfellum sjá þau aldrei viðkomandi heldur framleiða kortið eftir stafrænni umsókn sem kemur inn í sýsluna, kerfi sýslumanna og gildistími kemur sjálfkrafa fram og kortið er sent heim til einstaklings. Það er því í raun óþarfi fyrir lækinn að skrifa vottorðið, heldur gildir það sem staðfesting lækni á að viðkomandi megi sækja um kortið vegna hreyfihömlunar.

Skilyrði fyrir útgáfunni koma fram í 3. gr. reglugerðarinnar. „Skilyrði fyrir útgáfu stæðiskorts er að læknisvottorð liggja fyrir þar sem fram komi að sökum hreyfihömlunar sé umsækjanda nauðsyn, sem ökumaður eða farþegi í ökutæki, að geta lagt í bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða og í stöðureit án gjaldskyldu. Við mat og afgreiðslu á beiðni um stæðiskort skulu almenn læknisfræðileg viðmið sem landlækniembættið setur fram um heilsufar umsækjanda eða umbjóðenda umsækjenda í tilfelli stofnunar lögð til grundvallar, í samræmi við verklagsreglur skv. 5. mgr., 2.gr.

Verklagsreglurnar voru endurskoðaðar af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og landlækni 2022 þegar stafræn umsókn fór í loftið og fylgir hér með í viðauka.

2.5 Önnur vottorð

Vottorð vegna fjarvista í vinnu/skóla

Algengasta vottorðið sem afgreidd voru á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu árið 2023 var vottorð vegna fjarvista í vinnu (39.656) og skóla (2.757), samtals 42.400 vottorð. Til viðbótar var vottorð vegna undanþágu í leikfimi skrifað 221 sinni árið 2023.

Almennt óska vinnuveitendur eftir vottorði vegna fjarvista sem eru lengri en þrjú dagar eða þegar veikindi koma upp í orlofi starfsmanns. Leita þarf eftir samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, menntastofnanir og eftir atvikum aðra, til að finna aðrar leiðir til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að þegar starfsfólk eða nemendur eru krafðir um læknisvottorð vegna stuttra veikinda sem krefjast ekki heilbrigðisþjónustu, þ.e. innan við sjö daga. Þá mætti jafnframt skoða að hafa einungis eitt vottorð vegna fjarvista, óháð því hvort um í vinnu eða skóla er að ræða.

Beiðni um þjónustu VIRK

Tólfsta algengasta vottorðið er vegna beiðni um þjónustu hjá VIRK - starfsendurhæfingarsjóði, en rúmlega tvö þúsund beiðnir þess efnis eru sendar árlega frá heilsugæslunni. Samhliða beiðninni þarf að skrifa læknisvottorð vegna umsóknar um þjónustu VIRK, en heilbrigðismenntaðir starfsmenn þverfaglegra teyma mega einnig senda inn beiðni um þjónustu fyrir einstaklinga til VIRK.

Með gildistöku laga nr. 104/2024 má þó gera ráð fyrir því að samhæfingarteymi, þar sem fulltrúar heilsugæslu og félags- og vinnumarkaðskerfanna sitja, muni létt á beiðnaskrifum til VIRK. Það gæti þó verið gagnlegt að aðrar endurhæfingarstéttir á borð við sjálfstætt starfandi sjúkrapjálfa geti sent inn beiðni til VIRK þegar meðferð er að ljúka og einstaklingur þarf aðstoð við að komast á vinnumarkað.

Áverkavottorð

Áverkavottorð og vottorð vegna áverka (*vátrygginga*) eru um 470 árlega skv. gögnum frá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu og Landspítala, en einnig er hægt að skrifa út vottorð vegna tryggingaratburðar en einungis þrjú slík voru skrifuð út á síðasta ári.

Samstarfsverkefni er í gangi milli ríkislögreglustjóra, embættis landlæknis, ríkissaksóknara og heilbrigðisráðuneytisins með það að markmiði að létt álagi heilbrigðisstarfsfólki, tryggja persónuvernd enn frekar við umsýslu viðkvæmra persónuupplýsinga og að einfalda beiðnir og afhendingu vottorða. Lögreglan sendir um t.a.m. beiðnir um áverkavottorð til heilbrigðiskerfisins vegna rannsóknar sakamála, en fulltrúi ríkislögreglustjóra í verkefninu telur að í langflestum tilfellum þurfi ekki formlegt áverkavottorð heldur einungis *staðfestingu á komu* auk lágmarksupplýsinga um skoðun læknis. Einungis þau mál sem fari áfram í ákærufarli þurfi formlegt áverkavottorð.

Þeir sem leita á heilsugæslu eftir áverkavottorðum eru í flestum tilfellum að leita eftir staðfestingu til tryggingafélaga á að áverki eða slys hafi orðið eða til vinnuveitanda vegna vinnuslyss. Sama ætti þó að geta gilt á milli þeirra kerfa, staðfesting á komu til læknis vegna áverka.

3. Tillögur, staðan & næstu skref

Staðan	Tillögur	Næstu skref	Tímarammi	Ábyrgðar- og samstarfsaðilar
Tryggingastofnun				
Eingöngu læknisfræðilegt mat við ákvörðun örorku. Staðfesta þarf örorku einstaklings á 1-5 ára fresti, háð fyrri mati og ástæðu örorkumats.	Varanleg örorka strax vegna sjúkdómsgreininga þar sem augljóst er að skerðing gengur ekki til baka eða mun fara stigvaxandi	Allir þeir sem eru á tímabundinni örorku 01.09.2025 fara á varanlega örorku. Unnið að nýju samþættu sérfræðimati sem mun taka við af gildandi örorkumatsstaðli 01.09.2025.	1. september 2025	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og Tryggingastofnun
Samkvæmt reglugerð nr. 661/2020 um framkvæmd endurhæfingarlífeyris má gildistími endurhæfingaráætlana vera allt að 12 mánuðir í einu.	Lengja gildistíma endurhæfingaráætlana sem koma frá heimilislæknum	Nýtt samhæfingarteymi tekur til starfa með gildistöku laga nr. 104/2024 sem mun auka vægi áætlana frá heilsugæslu, ásamt því að með lögunum verður til nýr greiðsluflokkur, sjúkrageiðslur, sem leyfir greiðslur á biðtíma eftir endurhæfingu.	1. september 2025	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti í samstarfi við Tryggingastofnun
Mörg vottorð eru aðgengileg í tví- og jafnvel þríriti í Sögukerfinu sem eykur flækjustigið við að velja viðeigandi vottorð. Sumar útgáfur er hægt að senda rafrænt á meðan aðrar er hægt að prenta.	Vottorð sem eru í tvíriti innan sama kerfis verði fækkað.	Samtal milli TR, EL og SÍ um sameiningu líkra vottorða, þar sem sama vottorðið má senda rafrænt og prenta það út.	Haust 2024	Embætti landlæknis í samstarfi við Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar

Lagt er til að þessi vottorð verði sameinuð.				
Fjölmörg vottorð tengjast hreyfihömlun einstaklinga, t.d. vegna örorku, umsókn um stæðiskort, bílastyrk o.fl. sem hægt væri að leysa með einu vottorði og einföldu gagnakalli milli kerfa.	Samlegðaráhrif vegna hreyfihömlunarvottorða	Hefja samvinnu milli TR, SÍ og sýslumanna um að koma á gagnakalli til TR sem verði ábyrgðaraðili hreyfihömlunarvottorða.	2025	Tryggingastofnun í samvinnu við embætti landlæknis, Sjúkratryggingar og aðra viðeigandi aðila
Einungis læknar mega fylla út vottorð vegna umsóknar um endurhæfingarlífeyri sem er eina eyðublaðið í Sögu sem er sérstaklega ætlað til að skrifa inn endurhæfingaráætlanir. Aðrar heilbrigðisstéttir geta verið ábyrgar fyrir endurhæfingu einstaklinga og þurfa þ.a.l. að geta fyllt út endurhæfingaráætlanir sem má senda til TR.	Endurhæfingaráætlun sett upp sem sérstakt eyðublað í Sögukerfi.	Búið er að undirbúa innihald og útlit staðlaðs eyðublaðs endurhæfingaráætlunar í Sögukerfi en á eftir að forrita það skv. upplýsingum frá EL.	2024	Embætti landlæknis í samvinnu við Tryggingastofnun og heilsugæslur.
Sjúkratryggingar				
Verið er að yfirfara gildistíma lyfjaskírteina eftir mismunandi lyfjaflokkum.	Lengja gildistíma lyfjaskírteina vegna langvinnra sjúkdóma.	Gera viðeigandi breytingar í kerfum Sjúkratrygginga m.t.t. breytinga á gildistíma.	2024	Sjúkratryggingar

Við tilvísun sjúklinga til sérhæfðrar meðferðar, t.d. til Reykjavíkur, þarf tilvísandi læknir að setja inn upplýsingar um dagsetningu læknisheimsóknar hjá sérfræðilækni, hvernig sjúklingur kemst til Reykjavíkur o.fl. sem viðkemur ekki tilvísun	Endurskoðun fyrirkomulags vegna endurgreiðslu ferðakostnaðar	Staðfesting í komukerfi SÍ í stað staðfestingar frá tilvisandi lækni sem er send til SÍ. Þarf einungis að gera í þeim tilfellum sem reikningur sérfræðilæknis fer ekki inn í komukerfi SÍ.	1. júlí 2024	Lokið
Í sumum tilfellum er umsýslukostnaðurinn við að sækja um ódýrt hjálpartæki jafnvel hærri en kostnaðurinn við hjálpartækið sjálft	Endurskoðun á úthlutun hjálpartækja - umsóknir vegna ódýrra ferilhjálpartækja og einnota hjálpartækja. Ákveðnum greiningum fylgi réttur til vissra hjálpartækja.	Endurskoðun á reglugerð um styrki vegna hjálpartækja og fyrirkomulag umsókna.	2024-2025	Heilbrigðisráðuneyti í samvinnu við Sjúkratryggingar
Læknisvottorð þarf í fyrsta tíma hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi sem þarf svo að staðfesta greininguna við SÍ til að fá greiðsluþátttöku fyrir barnið.	Tilvísanir til talmeinafræðinga	Talmeinafræðingar í 1. stigs þjónustu eða skólaþjónustu sveitarfélaga ásamt hjúkrunarfræðingi í skólum geti vísað til sjálfstætt starfandi talmeinafræðings að undangengnu mati á þörf fyrir þjónustuna.	2025-2026	Heilbrigðisráðuneytið

Vinnuálagstofnun

Í umsóknareyðublaði frá VMST sem fylla skal út þegar sótt er um dvalarstyrk vegna fæðingar þarf sérfræðilæknir að votta um atriði sem tengjast ekki	Vottun læknis vegna dvalarstyrks	Hefja samtal milli HRN, FRN og VMST um hvort hægt sé að koma á gagnakalli eða annarri hentugri lausn þar sem heilbrigðisstarfsmaður þarf ekki að votta eitthvað sem er ekki á	2024-2025	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti í samvinnu við Vinnuálagstofnun og heilbrigðisráðuneyti
--	----------------------------------	---	-----------	--

hans sérsviði svo sem færð og heimilisaðstæður		hans sérsviði, svo sem færð eða veðurspá.		
Lenging fæðingarorlofs með gagnakalli milli kerfa	Að koma á gagnakalli varðandi frá Fæðingarorlofssjóði til heilbrigðiskerfis vegna lengingar fæðingarorlofs			Embætti landlæknis í samvinnu við Fæðingarorlofssjóð og heilsugæslur

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Verklag hjá félagsþjónustu ýmissa sveitarfélaga krefst læknisvottorðs vegna heimabjónustu, t.a.m. heimilisþrifa o.fl. sem ætti frekar að heyra undir sérsvið félagsráðgjafa viðkomandi sveitarfélags.	Heimabjónusta sveitarfélaga krefjist almennt ekki læknisvottorða.	Læknar þurfi ekki að votta hækkandi aldur einstaklinga, heldur verði það hlutverk félagsráðgjafa hjá viðkomandi sveitarfélagi að útvega slík vottorð.	2024-2025	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti í samvinnu við heimabjónustu sveitarfélaga
Í öllum tilfellum, nema þegar um staðfestingu á væntanlegri fæðingu bars er að ræða, er gert ráð fyrir að sérfræðilæknir skrifi vottorð vegna ástands foreldris, en það samræmist ekki því verklagi sem er viðhaft í heilbrigðisþjónustunni í raun.	Breytingar á orðalagi í lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof	Hefja samtal milli HRN og FRN um breytingar á orðalagi í lögnum, þar sem „sérfræðilæknir“ er skipt út fyrir „ljósmóðir“ eða „þar til bær heilbrigðisstarfsmaður“ þar sem það samræmist framkvæmd innan heilbrigðiskerfisins.	2024-2025	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti
Hafi foreldrar ekki verið í hjúskap eða skráðri sambúð við andvanafæðingu eða fósturlát skal sérfræðilæknir	Vottun sérfræðilæknis á hjúskaparstöðu foreldra við umsókn um sorgarleyfi	Hægt væri að nýta þá fæðingartilkyningu sem send er til Þjóðskrár við andvanafæðingu, enda kemur lengd meðgöngu fram í þeirri	2025	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti

votta það þegar sótt er um sorgarleyfi eða sorgarstyrk.		tilkynningu. VMST hafi það hlutverk að kanna hjúskaparstöðu foreldra við afgreiðslu umsóknar en það sé ekki á herðum sérfræðilæknis.		
Embætti landlæknis				
Tvö eintök eru til staðar í Sögukerfinu af sumum vottorðum þar sem annað er hægt að senda rafrænt og hitt til útprentunar. Sé vottorð prentað út þarf að skanna það aftur inn og senda í gegnum Signet transfer og hengja við sjúkraskrá sjúklings, sem er nokkuð flóknara ferli en að senda rafrænt beint í gegnum Sögukerfið	Einföldun vottorða sem eru bæði tiltæk rafrænt og til útprentunar þannig að hægt sé að senda sama vottorðið bæði rafrænt og prenta það út	Greint verði með Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hjá EL hvaða vottorð eru tvítekin í Sögukerfinu og farið í að sameina þau vottorð þannig að eitt og sama vottorðið verði aðgengilegt bæði til útprentunar og rafrænnar sendingar milli kerfa	Haust 2024 - Vor 2025	Embætti landlæknis
Ýmis vottorð hafa ekki verið endurskírð frá klofningi TR og SÍ og því eru fjölmörg vottorð í Sögukerfinu merkt TR en tilheyra í raun SÍ. Skýrara væri að heiti vottorða væri ekki bundið við stofnanir heldur innihald	Endurnefna vottorð í Sögukerfinu	Hefja samtal við Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hjá EL um breytingar á nöfnum á vottorðum í Sögukerfinu í samráði við þær stofnanir sem óska eftir viðeigandi vottorðum	Haust 2024 - Vor 2025	Embætti landlæknis
Veikindavottorð fyrir skóla og vinnu votta í báðum tilfellum að einstaklingur hafi verið fjarverandi vegna veikinda	Sameining veikindavottorða fyrir skóla og vinnu	Eitt veikindavottorð vegna fjarvista frá vinnu eða skóla. Óskað verði eftir vottorðum í undantekningartilfellum og þegar viðkomandi hefur þurft að leita	2025	Embætti landlæknis í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti

		sér heilbrigðisþjónustu vegna veikinda sem hafa staðið 7 daga eða lengur.		
Fjölmörg vottorð á þeim lista sem barst frá heilsugæslum hafa ekki verið skrifuð út undanfarin ár, eða eru skrifuð út sjaldnar en tíu sinnum á ári.	Fjarlægja vottorð úr Sögukerfi sem ekki hafa verið skrifuð út undanfarin tvö ár	Hefja samtal við Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hjá EL sem setji sig í samband við viðeigandi stofnanir til staðfestingar áður en vottorð eru fjarlægð úr Sögukerfi	Haust 2024	Embætti landlæknis í samvinnu við þjónustuaðila sem óska eftir vottorðunum
	Að EL boði lækna, notendaráð sjúklinga og Stafrænt Ísland á vinnustofu til að fá fram sjónarmið um það hvernig megi þróa þjónustu Heilsuveru.	Búið að fela embætti landlæknis	2024-2025	Embætti landlæknis

VIRK

Samkvæmt VIRK mega aðrir heilbrigðisstarfsmenn en læknar senda beiðni um þjónustu hjá VIRK, en þá gegn því skilyrði að fyrir sé læknisvottorð um óvinnufærni í kerfi VIRK. Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn, t.a.m. sjúkrahjálparar og sálfræðingar geta því ekki vísað skjólstæðingum sínum sem lokið hafa meðferð innan heilbrigðiskerfisins til VIRK	Tilvísun frá heilbrigðisstarfsmönnum óháð læknisvottorði þegar meðferð er lokið innan heilbrigðiskerfis.	Hefja samtal við VIRK um hvort hægt sé að leyfa endurhæfingarstéttum á borð við sjúkra- eða iðjupjálfa að senda beiðni um þjónustu VIRK þegar heilbrigðisþjónustu á þeirra vegum er að ljúka	Vetur 2024-2025	Heilbrigðisráðuneyti í samvinnu við VIRK og sjálfstætt starfandi endurhæfingaraðila
--	--	--	-----------------	---

nema tryggja að læknisvottorð fylgi með umsókninni.				
Heilbrigðisráðuneyti				
Með breytingum á reglugerðum þurfa börn ekki lengur að vera með tilvísun til að fá gjaldfrjálsa þjónustu ákveðinna sérgreinalækna og í myndgreiningarráðgjöf. Eftir breytingarnar er enn gerð krafa um tilvísun frá heimilislækni til að fá gjaldfrjálsa þjónustu nema vegna augnlækna, kvensjúkdómalækna og bráða- og vaktþjónustu barna.	Kanna þörf á frekari breytingum á tilvísanakerfi barna.	Kanna þarf áhrif breytinga á tilvísanakerfi barna sem gerðar voru 1. júní 2024 með afnámi til ákveðinna sérgreinalækna og í myndgreiningarráðgjöf. Hefja þarf samtalið við þjónustuveitendur um hvort æskilegt sé að breyta tilvísanakerfi barna enn frekar.	2025	Heilbrigðisráðuneyti í samstarfi við þjónustuveitendur
Innviðaráðuneyti / Sýslumenn				
Ekkert sérstakt verklag er til staðar við endurnýjun ökuskrteina vegna aldurs, nema lækni vottar heilsufar og augnlækni vottar um sjón.	Sérstakt verklag vegna endurnýjunar ökuskrteina vegna aldurs sbr. fyrirmynd í Evrópureglugerð.	Hefja samtalið milli þeirra kerfa sem setja fram regluverkið og þeirra sem meta heilsufar umsækjendanna.	2024-2025	Heilbrigðisráðuneyti og innviðaráðuneyti í samvinnu við Samgöngustofu og heilsugæslur
Einstaklingar sem sækja um stæðiskort þurfa að skila inn hreyfihömlunavottorði til sýslumanns.	Gagnakall frá sýslumanni til TR vegna hreyfihömlunavottorðs við	TR verði falið að hafa umsjón með hreyfihömlunarmati og vörslu slíkra vottorða. Sýslumenn geti kallað eftir	2025	Tryggingastofnun í samvinnu við innviðaráðuneyti og sýslumenn

	endurnýjun stæðiskorta (P-merkja)	því hvort umsækjandi um stæðiskort eigi gilt hreyfihömlunarmat hjá TR		
Stæðiskort gilda almennt í 5 ár, óháð sjúkdómsgreiningu.	Lengdur gildistími stæðiskorta í þeim tilfellum sem sjúkdómsástand er varanlegt		2025	Innviðaráðuneyti í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti

Viðauki 1

Yfirlit yfir tegund og fjölda (46.763) vottorða sem skrifuð voru á Landspítala árið 2023

Heiti vottorðs	sent rafrænt	Fjöldi 2023	Heiti vottorðs	sent rafrænt	Fjöldi 2023
Atvinnurekandavottorð	0	7.306	TR Hreyfihömlunarvottorð	1	60
Vottorð v/ staðfestingu á komu til læknis	0	6.691	Vottorð v/ undanþágu frá leikfimi	0	57
Umsókn um lyfjaskírteini	1	5.247	Vottorðavottorð	0	57
Beiðni um sjúkraþjálfun	0	4.937	Ökuleyfisvottorð	0	55
Beiðni um hjálpartæki	1	4.378	Beiðni um talþjálfun til Sí	0	50
Atvinnurekandavottorð	1	3.995	Vottorð v/ ferðatrygginga (SFF)	0	50
Læknisvottorð	0	2.752	Beiðni um iðjubjálfun til Sí	0	47
Grunnvottorð læknis vegna krabbameins	1	1.280	Umsókn um styrk til bifreiðakaupa fyrir fatlaða	0	46
Sí Umsókn um næringu	1	1.177	Umsókn um umönnunarbætur	0	44
Læknisvottorð	1	1.076	Umsókn um örorkubætur	0	40
Fylgiblað með reikningum v/millirikjasam.	0	1.072	Grunnvottorð læknis vegna krabbameins	0	34
Sjúkradagpeningavottorð	0	961	Greinargerð vegna tryggingaratburðar	0	25
TR Umönnunarvottorð	1	687	TR-V læknisvottorð vegna umsóknar um stæðiskort	0	19
Skólafljarvistarvottorð	0	599	Vottorð v/ örorkumats	0	16
Dánarvottorð	1	515	TR-V grunnvottorð til umsóknar um hjálpartæki	0	15
TR-V ferðakostnaður sjúklinga innanlands	0	423	Vottorð vegna dvalarstyrks	0	14
Beiðni um hjálpartæki	0	423	Sí Umsókn um næringu	0	12
Vottorð v/ læknismeðferð erlendis (siglinganevnd)	0	323	TR Umönnunarvottorð	0	11
Umsókn um örorkubætur	1	302	TR Endurhæfingavottorð	0	10
PAP beiðni	1	274	Beiðni um greiningu vegna talmeina	0	7
TR Endurhæfingavottorð	1	219	TR Hreyfihömlunarvottorð	0	7
Umsókn um örorkulífeyri	0	185	VIRK Beiðni um þjónustu	0	6
TR-V læknisvottorð vegna umsóknar um stæðiskort	1	184	Áverkavottorð váttryggingafélaga innan SFF	0	5
Vottorð v/ lengingar fæðingarorl. v/sjúkdóms barns	0	171	Framhaldsvottorð vegna slysatrygginga	0	4
Umsókn um lyfjaskírteini	0	151	Dánarvottorð	0	4
Umsókn um endurhæfingarlífeyri	0	116	Beiðni um sjúkraflug	0	3
TR-V grunnvottorð til umsóknar um hjálpartæki	1	113	PAP beiðni	0	3
Grunnvottorð læknis vegna nýrnabilunar	1	102	Umsókn um dagp. v/dvalar utan stofn. án útskriftar	0	2
Vottorð v/ væntanlegrar fæðingar	0	92	Umsókn um framlengingu bóta þrátt fyrir sjúkrahúsv	0	2
VIRK Beiðni um þjónustu	1	88	Umsókn um uppihaldsdagpeninga fyrir fagfyllgd	0	2
Áverkavottorð vegna slyss	0	78	Vottorð v/ barnsfæðingar	0	1
Vottorð v/ lengingar fæðingarorlofs	0	70	Grunnvottorð læknis vegna nýrnabilunar	0	1
Vottorð v/ meðferðar sjúklings utan heimahéraðs	0	66	Vottorð v/ fæðingarorlofs nemenda	0	1

Viðauki 2

Yfirlit yfir tegund og fjölda (145.222) vottorða sem skrifuð voru á stöðvum
Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og einkareknum heilsugæslustöðvum árið 2023

Tegund vottorðs afgreitt frá HH og einkareknu stöðvunum (19 stöðvar) - mars 2024	2023
V-vinna fjarvistir *	39.656
TR-V beiðni um sjúkráþjálfun **	26.928
V-almennt	15.747
V-ökuleyfi	13.873
TR-V lyfjaskírteini	14.452
TR-V sjúkradagpeningar	7.083
V-skóli fjarvistir *	2.757
TR-V umsókn um hjálpartæki	5.544
TR-V umsókn um örorkubætur	3.683
V- fæðing barns væntanleg ***	1.382
TR Endurhæfingavottorð	3.443
VIRK Beiðni um þjónustu	2.212
V-umsk örorkulífeyri	1.641
TR-V læknisvottorð vegna umsóknar um stæðiskort	1.951
TR-V beiðni um talþjálfun	953
TR-V læknisvottorð um hreyfihömlun	528
V-læknisvottorð vegna ferðatrygginga (SFF)	674
TR-V lenging fæðingarorlofs móður	341
TR-V áverkavottorð	385
TR-V endurhæfing	
V-fyrir sjómenn	194
V-leikfimi undanþága	221
TR-V beiðni um iðjuþjálfun	229
Sí Umsókn um næringu	285
TR Hreyfihömlunarvottorð	370
TR-V umönnunarbætur	128
TR Umönnunavottorð	203
TR-V ferðakostnaður sjúklínga innanlands	100
TR-V grunnvottorð til umsóknar um hjálpartæki	59
TR-V læknisvottorð um skerta líkamsfærni	83
TR-V beiðni um greiningu vegna talmeina	52
V-áverka váttrygginga	31
TR-V næringarefni/sérfaði	
V-beiðni um sjúkráhusvist	4
TR-V slys framhald	3
TR-V fæðingarorlof v/ námsárangurs/ástundunar ná	6
TR-V lenging fæðingarorlofs vegna sjúkdóms barns	6
Beiðni um talþjálfun án samnings við TR	8
V-barnsfæðing	3
Vottorð um undanþágu vegna grímuskyldu	
TR-V greinargerð vegna tryggingaratburðar	2
TR-V beiðni um heimahjúkrun	
TR-V Beiðni um viðbótar/langtímameðf. í talþjálfun	
V-umsókn og greinargerð, ófrjósemisaðgerð	
V-heima/innskrift	
TR-V ferðakostnaður staðfesting á komu	1
TR-V grunnvottorð lækni vegna krabbameins	
TR-V grunnvottorð lækni vegna nýrnabilunar	
TR-V læknisvottorð vegna örorkumats	
Dánarvottorð	1
Grand Total	145.222

Breytingar sem hafa haft áhrif á fjölda vottorða 2022-2023

* Mögulegt að nálgast vottorð með ákveðnum skilyrðum í Heilsuveru án aðkomu starfsfólks (ekki talin hér)

** Mögulegt að fá þjónustu sjúkráþjálfara án tilvísunar frá lækni

*** Vottorð sótt sjálfkrafa með umsókn í gegnum island.is (að uppfylltum skilyrðum)

Helstu vottorð sem gefin eru út sem V - Almennt							
	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Heild
Stéttarfélög / Lífeyrissjóðir	2170	2563	2713	2793	3099	3206	16544
Vinnuveitendur (önnur en fjarvistir)	903	1296	2432	4730	2145	2115	13621
Lögmenn	1878	2155	2149	2020	2088	2229	12519
Tryggingarfélög	1476	1328	1426	1263	1420	1197	8110
Færni-og heilsumatsnefnd	644	685	813	731	761	667	4301
Byssuleyfi	539	631	658	555	499	659	3541
Skólar (önnur en fjarvistir)	416	461	329	414	317	304	2241
HEILD	8026	9119	10520	12506	10329	10377	60877

Viðauki 3

Verklagsreglur vegna stæðiskorta

4. Umsókn um stæðiskort skal skrá rafrænt á vefsíðunni island.is
1. Ef umsækjandi hefur ekki rafræn skilríki sækir viðkomandi eyðublað á heimasíðuna sýslumenn.is: *Umsókn um stæðiskort fyrir hreyfihamlaða* og skilar umsókn til einhvers af sýslumannsembættum á Íslandi. Umsækjandi mætir sjálfur til viðkomandi sýslumannsembættis og framvísar skilríkjum til staðfestingar á því hver hann er.
 - 1.1. Hlekkur á umsókn:
<https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/6kVFBLnSb6uFOITFCGKli0/81d34beb9db48def91bb828f62f0a41d/Umsokn-um-staediskort-fyrir-hreyfihamlada.pdf.pdf>
2. Ljósmynd af umsækjanda (passamynd) er sótt úr ökutækjaskrá eða hlaðið inn í stafrænu umsóknarferli, mynd þarf að hafa .jpeg, .png eða .jpg endingu.
3. Læknisvottorð með umsókn berst rafrænt frá lækni, gildistími ákvarðast út frá því.
4. Undirritun á stæðiskorti er rafrænt skráð og prentast út á stæðiskort við útgáfu.
5. Gildistími stæðiskorts:
 - 5.1. Batahorfur góðar: Tímabundið, í 6 mánuði
 - 5.2. Óvissa um batahorfur: Tímabundið í 12, 18, 24, 30 eða 36 mánuði
 - 5.3. Varanleg fötlun: Tímabundið í 10 ár
 - 5.4. Eldri borgarar
 - 5.4.1. 70-74 ára
 - 5.4.1.1. Batahorfur góðar: Tímabundið í 6 mánuði
 - 5.4.1.2. Óvissa um batahorfur eða varanleg fötlun: Tímabundið í 5 ár
 - 5.4.2. 75-79 ára
 - 5.4.2.1. Batahorfur góðar: Tímabundið í 6 mánuði
 - 5.4.2.2. Óvissa um batahorfur eða varanlega fötlun: Tímabundið í 3 ár
 - 5.4.3. 80-83 ára
 - 5.4.3.1. Batahorfur góðar: Tímabundið í 6 mánuði
 - 5.4.3.2. Óvissa um batahorfur eða varanleg fötlun: Tímabundið í 2 ár
 - 5.4.4. 84 ára og eldri
 - 5.4.4.1. Batahorfur góðar: Tímabundið í 6 mánuði
 - 5.4.4.2. Óvissa um batahorfur: Tímabundið 1 ár

Verklagsreglur voru gefna út af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í samráði við embætti landlæknis á grundvelli 5. mgr. 2.gr. reglugerðar nr. 1130/2016 þann 23.

desember 2019 og tóku gildi 1. janúar 2020. Verklagsreglurnar voru uppfærðar af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu árið 2022 vegna innleiðingar á rafrænu umsóknarferli.

